

8. fundur Framkvæmdanefndar um uppbyggingu á athafnasvæði Hestamannafélagsins Sörla, haldinn á Norðurhelli 2, þann 8. júní 2021 -kl. 8:00.

Viðstaddir voru.

Starfshópur.

Matthías Páll Imsland, formaður

Helga Ingólfssdóttir

Stefán Már Gunnlaugsson

Atli Már Ingólfsson

Halldóra Einarsdóttir

Með starfshópnum starfa:

Sigurður Haraldsson

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Geir Bjarnason

Íþrótt- og tómstundarfulltrúi

Rósa Steingrímsdóttir

Sviðsstjóri fjármálasviðs forföll

Á fundinn mætti einnig Stefán Veturliðason frá VSB, verkfræðistofu. Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Fundargerð.

Lögð fram sjöunda fundargerð og hún samþykkt.

2. Forhönnun.

Framkvæmdarnefndin er búin að rýna forhönnunarskýrsluna og fóru umræður um hana. Rætt var um staðsetningu félagshesthúss og hvort það gæti verið kostur að byggja stakstætt félagshesthús á lóðinni eða kaupa hesthús fyrir þá starfsemi í nágrenninu. Einnig var rætt um möguleika að það rými sem var ætlað undir félagshesthús gæti verið byggt og leigt undir þjónustu, t.d. dýralækna og hluti af rýminu yrði nýtt undir geymslu og aðra aðstöðu. Atla og stjórn Hestamannafélagsins Sörla er falið að gera minnisblað vegna færslu félagshesthúss annað og vegna annarar nýtingar á því rými. Skal leggja það fram á næsta fundi framkvæmdanefndarinnar.

Ekki var gerð grein fyrir aðstöðu fyrir framkvæmdarstjóra í forhönnun og líklega er húsvörður með aðstöðu í rými sem er skráð sem geymsla, tæknirými á jarðhæð. Þá er gerð grein fyrir sulum í texta forhönnunar en þær koma ekki fram á teikningum í áhorfendasvæði, óskað er eftir því að þær séu sýndar á teikningum og gerð grein fyrir þeim.

3. Kostnaðaráætlun.

Ekki var búið að ljúka rýni á kostnaðaráætlun ráðgjafa og fara yfir samanburð á fyrri áætlun fyrir fundinn og var gerð athugasemd við það. Stefáni og Sigurði er falið að fara yfir áætlanir fyrir næsta fund framkvæmdanefndarinnar.



málsnr. 1903474

Næsti fundur

Næsti fundur verður 11. júní kl. 8:00 á Norðurhelli og á Teams.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.9:00